



E 33/2016

**Fyrirspyrjendur:** Ineqi Kielsen (S), Irene Johansen (A), Karin Gaardsted (S), Knut Storberget (A), Suzanne Svensson (S)

**Til** ríkisstjórna Norðurlandanna

Til ríkisstjórna Norðurlandanna

### **Skrifleg fyrirspurn um losun örplasts frá dekkjaúrgangi og málningu**

Í Finnlandi og Svíþjóð eru hreinsistöðvarnar útbúnaðar vélfræðilegum, efnafræðilegum og líffræðilegum hreinsikerfum, en það þýðir að haldið er eftir stórum hluta örplasts úr skólpi í stöðvunum, svo það mengi ekki umhverfi sjávar og ferskvatns. Í Danmörku er unnið að því að bæta síunaraðferðir í hreinsistöðvunum. Það er gert vegna þess að örplast í skólpi frá heimilum og iðnaði mengar umhverfið.

Hins vegar er örplast frá dekkjaúrgangi hvorki meira né minna en 53,6% af mengun af völdum örplasts samkvæmt norsku skýrslunni „Sources of microplastic-pollution to the marine environment“ frá 2015 sem var unnin af Mepex Consult AS fyrir norska umhverfisráðuneytið. Af alls 4.500 tonnum örplasts frá dekkjaúrgangi eru losuð um það bil 2.250 tonn í sjóinn og þetta er því helsta ástæða mengunar af völdum örplasts.

Gera má ráð fyrir að stór hluti örplastsins frá dekkjaúrganginum sé losaður í umhverfi sjávar og ferskvatns með yfirborðsvatni/rigningarvatni frá vegum í þéttbýli, sem eru ekki hreinsaðir. Þannig er því varið í Danmörku þar sem víðast hvar eru aðskildar lagnir fyrir skólp og yfirborðsvatn, þ.e.a.s. skólp frá heimilum og iðnaði er aðskilið frá rigningarvatni/yfirborðsvatni. Það þýðir að skólp er hreinsað á hreinsistöðvum, en rigningarvatn/yfirborðsvatn með hugsanlegum dekkjaúrgangi og þar með miklu magni örplasts er losað beint í umhverfi sjávar og ferskvatns.

Næststærsta uppspretta mengunar af völdum örplasts er málning og viðhald skipa og frístundabáta, sem stendur að baki um það bil 650 tonna losunarinnar í sjó. Málning og viðhald bygginga er einnig stór uppspretta með 310 tonn af örplasti – hvort tveggja samkvæmt fyrrgreindri norsku rannsókn.

Stjórnámálamenn í allri Evrópu og á Norðurlöndunum – við sjálf meðtalin – vinna í augnablikinu með, hvernig megi takmarka mengun af völdum örplasts. Því höfum við áhuga á hvernig megi takmarka mikla losun örplasts frá dekkjum, málningu og viðhaldi skipa og bygginga. Það getur átt sér stað hjá bæði framleiðendunum og með notkun skilvirkra hreinsistöðva.



Því teljum við vel við hæfi að beina eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlandanna:

- Á hvaða hátt vinna ríkisstjórnir Norðurlandanna að því að draga úr losun örplasts frá dekkjum og málningu?
- Hvaða þekkingu hafa ríkisstjórnirnar á því, hvernig megi strax á fyrstu stigum takmarka þá uppsprettu mengunar, sem örplast í dekkjum og málningu stendur fyrir, þ.e.a.s. hjá framleiðendum?

Kaupmannahöfn, 13. desember 2016

*Ineqi Kielsen (S)*

*Irene Johansen (A)*

*Karin Gaardsted (S)*

*Knut Storberget (A)*

*Suzanne Svensson (S)*